

ákvæði taki einnig til þess tilviks, þegar stýrimaður er óvinnufær vegna slyss. Með hliðsjón af fyrrgreindum atriðum verður aftur á móti ekki heldur talið, að krafa stefnanda verði reist á þessu ákvæði. Er þar og haft sérstaklega í huga það, sem upplýst hefur verið, að í framkvæmd, bæði fyrir og eftir gerð umrædds kjarasamnings, hafa íslensk skipafélög ekki greitt stýrimönnum eftirvinnukaup í veikindaforföllum þeirra.

Samkvæmt því, er að ofan greinir, verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ásgeirs Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 23. nóvember 1970.

Nr. 112/1970. Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Hannessyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Rannsókn á vinandamagni í blóði ákærða var framkvæmd

á rannsóknarstofu Jóns Steffensens prófessors. Samkvæmt skýrslu Jóns Steffensens 6. júlí 1970 var rannsóknin framkvæmd 8. júlí 1969. Voru þá „6 blóðsýni rannsökuð samtímis fyrir vínandamagni, og reyndist það lægsta vera með 0.39‰ vínanda, sem gæti svarað til neyzlu tveggja bjóra“. Blóðsýni þetta var merkt „L.M. 12“, en blóðsýni ákærða „H.F. 41“, og er talið, að í því hafi fundizt „reducerandi“ efni, er samsvari 1.49‰ af vínanda. Í bréfi 14. nóvember 1970 lýsir Jón Steffensen vinnuháttum á rannsóknarstofunni svo: „Þegar fleiri sýni eru rannsökuð samtímis, er þeim raðað upp í nr.-röð og færð inn í rannsóknabókina í þeirri röð. Glösum, sem blóðsýnin eru soðin í, er raðað í þar til gerðri grind í sömu nr.-röð. Þá er mældur ákveðinn skammtur af blóði úr sýninu og látinn í suðuglasið og aftur athugað, að nr.-röð beggja sé hin sama“.

Fram er komið, að maður sá, sem blóðsýni „L.M. 12“ var úr, hafði lent í umferðarslysi, en farið af vettvangi, áður en löggæzlumenn komu að, og eigi fundizt fyrr en rúmum fjórum klukkustundum síðar. Lögreglumaður sá, er tók þá skýrslu af manni þessum, taldi af honum lítils háttar áfengisþef.

Vitnið Steingrímur Helgi Atlason yfirlögregluþjónn, sem ók ákærða frá Vatnsskarði til Hafnarfjarðar, hefur borið, að hann hafi talið, að ákærði „mundi að líkindum vera undir áhrifum áfengis, enda hafi hann fundið af honum áfengisþef“. Sveinn Haukur Georgsson lögregluvarðstjóri, sem tók skýrslu af ákærða á lögreglustöðinni í Hafnarfirði, kveðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða og getur ekki ölvunareinkenna. Lögreglumenn þeir, er fóru með ákærða að sækja bifreið hans, eftir að skýrsla hafði verið tekin af honum á lögreglustöðinni í Hafnarfirði, voru ekki um það spurðir við rannsókn málsins, hvort þeir hefðu séð áfengisáhrif á ákærða, og ekki geta þeir þess í skýrslum sínum. Þykja skýrslur þessar í ósamræmi við niðurstöður rannsóknar á blóðsýni „H.F. 41“.

Með skírskotun til þessa og svo þess, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, þykir verða að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á rikissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. marz 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 5. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 115/1970: Ákærvaldið gegn Sigurði Hannessyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 19. september 1969, höfðað á hendur Sigurði Hannessyni viðskiptafræðingi, Eskihlíð 20, Reykjavík, fæddum 27. marz 1921 í Stykkishólmi, fyrir að aka föstudagskvöldið 4. júlí 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 21509 frá Reykjavík sem leið liggur upp fyrir Vatnsskarð á Krýsuvíkurvegi við Kleifarvatn, þar sem hann festi bifreiðina og akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlag og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Föstudaginn 4. júlí 1969 var Steingrímur Atlason, yfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, að aka um Krýsuvíkurveg í bifreið sinni, G 558. Um kl. 2300 stöðvaði ákærði í máli þessu, Sigurður Hannesson, bifreiðina við Vatnsskarð. Ákærði leitaði eftir því við Steingrím, að hann hjálpaði sér að ná bifreið sinni úr festu, er væri þar skammt frá utan þjóðvegarins. Úr varð, að Steingrímur lög-

reglumaður ók ákærða til Hafnarfjarðar. Á leiðinni til Hafnarfjarðar taldi Steingrímur lögreglumaður ákærða bera þess merki að hafa neytt áfengis. Úr varð, að Steingrímur ók ákærða á lögreglustöðina í Hafnarfirði. Úr varð, að ákærða var tekið blóð kl. 2350 samdægurs, og fundust í blóði hans „reducerandi“ efni, er samsvara 1.49% af alkóhóli.

Eftir að ákærði hafði undirgengizt blóðtökuna, fór lögreglan að sækja bifreið ákærða. Bifreiðin reyndist vera R 21509, og var hún staðsett austan við Vatnsskarð utan þjóðvegarins við Fagradal. Bifreiðin var föst milli þúfna í moldarbarði. Lögreglumenn gátu losað bifreiðina, og var hún færð til Hafnarfjarðar.

Fyrir dómi sem og fyrir lögreglu hefur ákærði eindregið neitað því að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 21509 í umrætt skipti. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi hafið akstur um kl. 1700 hinn 4. júlí s.l. Hann hafi ekið bifreiðinni sem leið liggur að Undirhlíðum við Kleifarvatn og þaðan um nágrenni Helgafells. Á leið sinni á þjóðveginn að nýju hafi hann fest bifreiðina í aurbleytu við Fagradal. Ákærði hefur ætlað, að akstrinum hafi verið lokið um kl. 1830 sama dag. Eftir að akstrinum lauk, kveðst ákærði hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ná bifreiðinni úr festunni, allar án árangurs. Síðar um kvöldið hafi hann gengið út á þjóðveginn í því skyni að fá aðstoð við að leysa bifreiðina úr festunni. Ákærði kveðst hafa stöðvað nokkra ökumenn á þjóðveginum. Enginn þeirra hafði tök á því að hjálpa ákærða að ná bifreiðinni úr festunni. Ákærði hefur skýrt svo frá, að einn af ökumönnum, er hann stöðvaði í framánlýstu skyni, hafi verið Bandaríkjamaður, er hann kann engin deili á. Bandaríkjamaður þessi hafi gefið honum brauðsneið og tvo danska áfenga bjóra. Ákærði kveðst hafa verið nýbúinn að drekka bjóra þessa, er yfirlögregluþjóninn í Hafnarfirði bar þar að, Steingrím Atlason, svo sem rakið hefur verið. Ákærði hefur talið, að hann hafi tæpast fundið til áhrifa áfengis við neyzlu umræddra bjóra.

Fyrir dóm hafa komið sem vitni Steingrímur Helgi Atlason yfirlögregluþjónn, er nefndur hefur verið, svo og varðstjóri, er tók af ákærða skýrslu í umrætt skipti, og lögregluþjónar, er aðstoðuðu ákærða við að ná bifreið hans úr festunni. Framangreind vitni hafa ekki getað borið um það, að ákærði hafi sýnt einkenni þess að hafa verið undir áhrifum áfengis utan Steingrímur Atlason, er telur, að áfengislykt hafi verið úr vitum ákærða, er þeir voru samferða í bifreið vitnisins til Hafnarfjarðar.

Engin vitni hafa komið fyrir dóminn eða fundizt, er borið hafa getað um akstur ákærða hinn 4. júlí s.l. eða um ástand ákærða við þann akstur. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu ákærða sjálfs um akstur hans og ásigkomulag greint sinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir ósannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem rakin er í ákæru-skjali.

Svo sem úrslit máls þessa hafa orðið, ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hannesson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvember 1970.

Nr. 162/1970. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jakob Sigurði Árnasyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur ákærði enn eigi greitt víxla þá, er hann samþykkti vegna bifreiðar kaupanna.

Svo sem efnum ákærða var háttað, gat honum eigi dulizt,